

Opinn fundur með nemendum 24. apríl 2019 vegna næsta skólaárs þegar skólinn verður þriggja anna.

Kristinn bauð alla velkomna og segir að breyting yfir í þrjár annar hafi staðið yfir í langan tíma. Nú er komið að breytingunum. Þessar breytingar eru með hagsmuni nemenda í huga. Hægt er að nálgast upplýsingar um breytingar úr tveimur önnum yfir í [þrjár annir](#) á heimasíðu skólans.

Kristinn fer yfir nokkrar glærur:

- Dagatal næsta skólaárs.
- Fjöldi áfanga er núna 7 – 8 en verður 4 – 5.
- Hver önn er 18 vikur núna en verður 12 vikur. Einbeiting nemenda helst önnina á enda.
- Bara eitt próf á dag, í fyrsta tíma dagsins.
 - o Nemendur spurðu af hverju í fyrsta tíma, þá geta þeir ekki nýtt smíðjur t.a.m. Kristinn svaraði því til að það má skoða það að breyta því. En ef próf eru seinna á daginn þá er ekki víst að nemendur séu með einbeitinguna í lagi í þeim tímum sem eru á undan.
- Góð frí á milli anna, einnig eru námsmatsdagar inni á önnunum þar sem ekki er gert ráð fyrir nemendum nema þeir eigi eftir að vinna upp eitthvað.
- Auðveldara að klára langar línur t.d. í stærðfræði, íslensku og tungumálum.
- Kristinn fór svo yfir að frá og með næsta hausti verður gert ráð fyrir að nemendur séu með tölvu með sér í skólanum, fartölvu eða spjaldtölvu. Hægt verður að fá lánaða tölvu á bóksafni skólans. Engar tölvustofur verða þá í skólanum.

Kristinn ítrekaði að vakni spurningar varðandi breytinguna þá geta nemendur alltaf snúið sér til hans, Snjólaugar, Guðmundar eða Kristínar.

Fleiri spurningar voru bornar upp:

- Tímalengdin verður 2x120 mín og 1x80 mín. Það verður þó tekið til endurskoðunar eftir fyrsta árið. Skóladagurinn styttist með þessum breytingum.
- Lokaprófum mun fækka töluvert og meiri vinna mun fara fram inni á önninni.

- Vonandi fæst stofa í viðbyggingu sem nýta má til tónlistarkennslu.
- Búið er að prófa að hafa smiðjur í lok dags, það reyndist ekki vel því þá mættu nemendur ekki.
- Kennt verður áfram í smiðjutímum en þó aðeins í listgreinum.
- Vægi lokaprófa verður áfram mismunandi eftir greinum.
- Ef nemendur lenda í vandræðum með útskrift vegna breytinganna (framboð áfanga) þá verður leyst úr því.

Fundi slitið

Fundargerð ritaði Kristín Helga Ólafsdóttir